

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum í Lónsdjúpi.

1. gr.

Frá og með 3. júlí 1993 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði í Lónsdjúpi, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°05'N – 14°42'V
2. 64°12'N – 14°42'V
3. 64°12'N – 14°13'V
4. 64°05'N – 14°13'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júlí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.